

## **228. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

**16. september 2013, kl. 10:00 að Austurvegi 56, 2. hæð.**

Mætt: Gunnar Egilsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Aðalsteinn Sveinsson, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sem var með í síma.

### **1. Sameining SORPU og SOS.**

Farið yfir niðurstöður og umræður sem fram komu á fundi SORPU og SOS. Samþykkt að senda erindi til stjórnar SORPU um skipan vinnuhóps fjögurra einstaklinga sem ætlað er að koma með leiðbeinandi álit til stjórnar um þá möguleika sem gefast í núverandi stöðu.

Samþykkt að Gunnar Egilsson og Aðalsteinn Sveinsson verði fulltrúar SOS í vinnuhópnum.

### **2. Önnur mál.**

Rætt um starfsmannamál og framtíðarskipan Sorpstöðvar. Framkvæmdastjóri hefur óskað eftir því að fara í hálfstarf hjá SOS fram til áramóta. Stjórn samþykkir þá beiðni en felur formanni að ræða við framkvæmdastjóra um framhald mála. Formanni og framkvæmdastjóra falið að koma með tillögu til stjórnar fyrir næsta fund um það með hvaða hætti starfseminni verður best sinnt á næsta ári.

Næsti fundur 1. okt. kl. 13:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:25.

Aldís Hafsteinsdóttir ritaði fundargerð.